

Nd. 155. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 3 13. febrúar 1943, um verðlag.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 3 13. febrúar 1943 orðist svo:

Meðan það verðlag á innlendum afurðum gildir, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, skal þrátt fyrir ákvæði síðasta málsliðar 1. gr. laga þessara útsöluverð þeirra vera, sem mjólkurverðlagsnefnd og kjötverðlagsnefnd ákveða verð á, háð samþykki viðskiptaráðs.

Við ákvörðun á útsöluverði skal miðað við verð það til bænda, sem samkomulag varð um í landbúnaðarvísitölunefnd, að viðbættum óhjákvæmilegum kostnaði.

2. gr.

Lög þessi óðlast þegar gildi.